

EFNISTAKA Í HVAMMI, EYJAFJARÐARSVEIT

Allt að 150.000 m³

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð allt að 150.000 m³ efnistaka úr klöpp í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit, á næstu 2 – 3 árum, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð nr. 785/1999 um stafsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmda- og starfsleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Skipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og með kynningu á þeim mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að landeigendur Hvamms og G.Hjálmarsson ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. ágúst 2008.

16. júlí 2008

INNGANGUR

Þann 12. júní 2008 tilkynnti Verkfræðistofa Suðurnesja, f.h. landeigenda Hvamms og G.Hjálmarsson ehf., allt að 150.000 m³ efnistöku úr klöpp, í landi Hvamms, Eyjafjarðarsveit, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyjafjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Eyjafjarðarsveit með bréfi dags. 25. júní 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 10. júlí 2008, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 1. júlí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. júní 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Verkfræðistofu Suðurnesja með bréfi dags. 25. júní 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað framkvæmd. Fram kemur að fyrirhugað sé að taka allt að 150.000 m³ af klöpp á 3 ha svæði í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit, á 2 – 3 árum, vegna framkvæmda við Akureyrarflugvöll og/eða inn á Akureyri. Hvammur er vestan Eyjafjarðarár skammt innan við Akureyrarflugvöll. Fyrirhugað efnistökusvæði er í klapparholti suðvestan við bæjarhúsin í Hvammi. Verði tekin ákvörðun um að hafa námuna opna lengur og reynt að nýta möguleika á efnistöku til fullnustu þá má ætla að hún verði opin í 20 – 25 ár og er það stefna landeigenda. Svæðið einkennist aðallega af flötum klöppum, holti og túnum og er lítið sýnilegt. Gengið verði frá hliðum námunnar með brekkum og stöllum sem víðast verði huldar jarðvegi af námasvæðinu og plantað í þær skógi og einnig í botn námunnar. Leggja þurfi rúmlega 400 m langan veg frá heimreið Hvamms, yfir hreyft land, að eldri vegi sem liggja að efnistökusvæðinu.

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Fram kemur að um 3 ha svæði verði breytt og það lækkað að mestu um 5 m ef svæðið verði fullnýtt. Námasvæðið muni opnast til norðausturs, en þar sé að vaxa upp skógur sem komi til með að skýla námunni séð frá norðri og annað klapparholt, Nónklöpp, skýli gegn ásýnd frá austri. Framkvæmdaraðili álitur að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að bæjarhús að Vöglum og Hvammi séu um 400 m frá efnistökusvæðinu, í beinni loftlínu, en náman mun opnast til norðaustur úr holtinu og holtið skýla þannig Vöglum fyrir hávaða frá efnisvinnslu og Nónklöpp muni skýla og deyfa hljóð í áttina að Hvammi. Nýr aðkomuvegur mun liggja næst bæjarhúsum í Hvammi í um 50 m fjarlægð, ferðir flutningabíla verði að jafnaði á tímabilinu frá kl. 08 til 18 og fjöldi ferða verði aldrei meiri en 100 á dag. Áhrif á hljóðvist eru talin óveruleg.

Áhrif á vegi. Fram kemur að Vegagerðin fer fram á að sá hluti safnvegarins að Hvammi sem notaður verður vegna efnisflutninga úr námunni verði styrktur nægjanlega til að þola álag sem flutningunum mun fylgja.

Áhrif á gróður. Fram kemur að í norðurhlið holtsins séu tré sem verði færð og notuð síðar við frágang. Á næstu 3 árum verði skógarplöntum plantað á jafnstórt svæði og námasvæðið verður.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að einu menningarminjarnar sem fundist hafa á framkvæmdasvæðinu séu leifar vörðu ásamt lítilfjörlegri grjóthleðslu og hafi þær verið ljósmyndaðar og staðsettar með GPS tæki.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að framkvæmdin er ekki í samræmi við Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 en gert sé ráð fyrir henni í skipulagsbreytingu sem komin sé til sveitastjórnar Eyjafjarðarsveitar til fyrri umræðu. Unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Eyjafjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á gróður. Skógrækt ríkisins bendir á að ekki komi fram hve mikinn skóg þarf að fella vegna framkvæmdarinnar og minnir á að fá þarf samþykki skógræktarstjóra til að rjóðurfella.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að taka allt að 150.000 m³ af klöpp á 3 ha svæði í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit, á 2 – 3 árum, vegna framkvæmda við Akureyrarflugvöll og/eða inn á Akureyri. Fyrirhugað efnistökusvæði er norðan í klapparholti suðvestan við bæjarhúsin í Hvammi. Svæðið einkennist aðallega af flötum klapparholtum og túnum. Gengið verður frá hliðum námunnar með brekkum og stöllum sem víðast verða huldar jarðvegi af námasvæðinu og plantað í þær skógi og einnig í botn námunnar. Leggja þarf rúmlega 400 m langan veg frá heimreið Hvamms, yfir hreyft land, að eldri vegi sem liggur að efnistökusvæðinu.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur í ljósi fram lagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagna, að umhverfisáhrif efnistökkunnar á meðan á henni stendur kunni að verða nokkur. Einkum verði þau sjónræn þar sem klapparholt verður sprengt niður og vinnuvélar kunna að verða nokkuð áberandi. Einnig má búast við ónæði í nágrenni, einkum í Hvammi, vegna efnisvinnslunnar og umferðar flutningabíla um nýjan veg mjög nærri íbúðarhúsi. Framkvæmdin er magn- og tímabundin og gert er ráð fyrir vönduðum frágangi, m.a. með skógrækt og neikvæð áhrif verða því tímabundin.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkfræðistofu Suðurnesja, f.h. landeigenda Hvamms og G. Hjálmarsson ehf., við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Verkfræðistofu Suðurnesja, f.h. landeigenda Hvamms og G. Hjálmarsson ehf., vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 150.000 m³ efnistaka úr klöpp í landi Hvamms í

Eyjafjarðarsveit, á næstu 2 – 3 árum, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyjafjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi heilbrigðisnefndar skv. reglugerð nr. 785/1999 um stafsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella skv. II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b. Áður en framkvæmda- og starfsleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Skipulagsbreytingar eru háðar lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og með kynningu á þeim mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að landeigendur Hvamms og G. Hjálmarsson ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 18. ágúst 2008.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir